

Piemonte



Sælkeriferðir til Ítalíu



Einstök upplifun

Matarmenning Piedmont er einstök og byggir á afurðum héraðsins, með ríkri áherslu á grænmeti, osta, salami, hnetur og truflur. Hér er um einstakt cuisine að ræða sem á rætur að rekja til franskarr yfirstéttareldamensku Savoyættarinnar í bland við hefðbundna matargerð bændafólksins.

„Slow food“ hreyfingin var stofnuð árið 1986 í Langhe héraði Piedmont og leggur áherslu á afurðir og rétti hvers menningarsvæðis og þá grunnreglu að neyta fyrst og fremst þess sem á uppruna sinn innan hvers héraðs og því af hámarks ferskleika.

Uppskerutíminn að hausti er einstakur í Piedmont. Loftið er fyllt sætum gróður- og jarðvegsangan og á ökrunum er unnið hörðum höndum við berjatinslu.

Á þessum tíma leggja veitingarstaðirnir sérstaka áherslu á að bjóða nýja uppskeru, þar með taldar truflur, sem einungis eru fáanlegar á haustin.

Göfugustu og mest verðlaunuðu vín Ítalíu koma frá Piedmont

Í september og fram í nóvember er uppskerutími í *Piedmont*. Sú vínþruga sem fyrst myndar klasa á vorin er jafnframt sú sem síðust nær fullum þroska og er því ekki tind fyrr en eftir miðjan október. Þá er gjarnan farin að leggjast þoka í hlíðar í *Langhe*, heimahéraði þrúgunnar. *Nebbia* þýðir þoka á Ítölsku og af henni dregur þrúgan nafn sitt, *nebbiolo*. Úr *nebbiolo* eru gerð þrjú mismunandi vín: *Nebbiolo*, *Barbaresco* og *Barolo*. Það síðast nefnda hefur verið nefnt "konungur vínanna" (e. king of wines) enda var Lúðvík fjórtandi Frakklandskonungur sólginn í Barolo þó hann hefði úr öllum vínum Frakklands að velja.

Bókaðu strax! - hentugt fyrir vinahópa, fjölskyldur, afmæli

Haust í Piedmont Áherslur að þínu vali

Vínskóli
Frábærir veitingastaðir
Heimsóknir til vínframleiðenda
Skoðunarferðir um héraðið
Ítalska Ríverían,
Torínó, Milánó, vötnin
Hafðu samband til að bóka ferð
eða til að fá frekari upplýsingar:
<http://www.italian-dream-vacation.com/italianvacationcontact/>

5 daga upplifun Ferðadagsetningar

15. sept. - 20. sept.
22. sept. - 27. sept.
29. sept. - 4. okt.
6. okt. - 14. okt. (fullt)
20. okt. - 25. okt.
Mögulegt að hnika til dagsetningum.
Lágmarksfjöldi: 3 - 6 í ferð

Verð (á mann)

Gisting með morgunmat,
vínskóli, vínsmakkanir og
leiðsögn: € 200-
Akstur € 90-
Flug: besta verð til Milánó
Veitingastaðaferðir:
algengt verð f. 4-10 rétta
máltíð er €35 á mann, fyrir utan
vín.
Verð miðast við 5 nætur, tvo í herbergi og 8
manna hóp. Akstur innifelur ferðir frá og til flugvallar.



Ógleymanleg reynsla

Matur, vín og menning sem eiga sé enga líka Vínin

Þegar Andrea Zanfi hóf vinnu sína við útgáfu bókaðar um helstu vintæktarhéruð Ítalíu ákvað hann strax í upphafi að heimsækja Piemonte síðast, þar sem fyrr væri hann ekki tilbúinn að takast á við vín héðaðsins. Ástæðan var sú að honum og flestum sem til þekkja er ljóst að þar er vínframleiðsla Ítalíu hvað þróuðust með mikilli áherslu á fjölbreytileika en jafnframt nákvæmni. Auk rauðvína eins og Barolo, Barbaresco og Nebbiolo, eru hér einnig framleidd hvítvín og freiðvín. Af frægum framleiðendum má helsta að nefna, Gaja, La Spinetta, Sandrone, Michael Carlo, Coppo, Berzano, Asti Gancia og Tosti.

Maturinn

Maturinn er þeim sem ekki til þekkja nokkuð framandi og einkennist af einfaldleika sem nær því besta fram úr hráefninu. Tómatar eru ekki algengir í réttum en því algengari eru þistilhjörtu, spínat og annað grænmeti, túnfiskur, ansjósur, pylsur, héri og fashani. Maturinn er bragðmikill og með honum fara vín héraðsins einstaklega vel. Hér eru framleiddar yfir 60 tegundir osta, eins og t.d.

tomini ostarnir og gorgonzola.




Umhverfið

Pimonte merkir "rætur fjallanna". Þar sem fjöllin sem vísað er til, Alparnir, eru fellingarfjöll, þá einkennist landslagið ávölum hæðum og ásum, eða "colli", sem merkir hálsar. Hlíðar þessara ása eru kjörlendi vínræktar og á þeim situr fjöldi smáþorpa og í hlíðum þeirra sveitabæir. Ávölum ásum, vínökrum og þorpum fylgir ró og friður sem kemur með þeirri fullvissu að hér hafa menn stundað landbúnað öldum saman. Í bakgrunninn er á góðum degi sýn til snævi þakinna Alpanna og milli þín og þeirra eru iðagrænar hæðirnar.

Fólkið

Piemontebúar eru stoltir, formlegir en jafnframt mjög vingjarnlegir. Þeir eru stoltir af sinni matar- og vínmenningu og eru ekkert að fikta við annars konar matreiðslu en þá sem þeir hafa stundað öldum saman. Sé bæjarhátíð einhvers staðar þá snýst hún ekki hvað síst um að kynna og bjóða landbúnaðarafurðir, hvort sem það eru vín, pylsur, skinkur, ostar, grænmeti, hnetur, hunang, sultur, hveiti, korn eða hvað annað. Og þetta endurtekur sig frá þorpi til þorps, ár frá ári, þó svo að gestir hátíðanna séu fyrst og fremst þeir sjálfir og nágrannar þeirra.






Casa Nuova

Casa Nuova stendur í norðurhlíðum Bormida dalsins, 25 km suðaustur af Asti og 40 km norður af ítölsku Ríveríunni. Frá húsinu er fagurt útsýni til bændbýla sem hvíla í hlíðinni á móti, þar sem skiptast á akurlendi, vínekrur og skógar.

Á landareigninni er skrautgarður með rósagöngum og allt í kring eru vínekrur. Á lóðinni eru einnig sundlaug og tennisvöllur. Hér er yndislegt eyða deginum en þegar dregur að kvöldi að heimsækja nágrannana sem bjóða þér að smakka afurðir sínar, eða að skreppa niður Bubbio og fá sér kaffi og virða fyrir sér mannlífið. Þar er á sumrin á laugardögum bændamarkaður þar sem boðið er m.a. upp á grænmeti, sultur, hunang, osta og ýmsan handiðnað. Góður endir á frábærum degi er síðan að fara í kvöldmat í Castello Di Bubbio, sem er einn af betri veitingastöðum héraðsins.

Í Casa Nuova er rekin B&B þjónusta frá apríl til október, auk þess sem hægt er að fá eignina alla leigða í minnst viku í senn (www.italian-dream-vacation.com).



Casa Nuova



Grunnatriði vínsmökkunar

Til að njóta dvalarinnar og heimsóknna til vínframleiðenda betur býðst námskeið í grunnatriðum vínsmökkunar fyrir þá sem þess óska

Horfa
Lykta
Bragða
Litur
Tærleiki
Þykkt
Sýrustig
Áferð
Fyrsta bragð
Eftirbragð

Allir geta lært að þekkja góð vín frá lélegum. Skemmt vín má oft greina með því einu að skoða það í gegnum glasið eða á lyktinni. Vínsmökkun er einbeiting og agi. Með því að huga alltaf að sömu atriðunum í sömu röð, æfa sig og prófa mismunandi tegundir, er hægt að ná færni. Þá bregst eigin sannfæring aldrei, en eitt er víst að eftir að hafa kynnst vínnum frá Piemonte verður smekkur þinn fyrir vínnum aldrei sá sami aftur.

Helstu áfangastaðir

Bormita - Monferrato

Um botn Bormida dalsins rennur Bormida áin. Við austur enda dalsins er Acqui Terme, þar sem er að finna heitar uppsepprettur, gömul rómverks böð og vatnsveitu. Í vestur hlikkjast vegurinn inn dalinn, í gengum Bubbio og síðan til Loazole og Cessole, og haldi maður enn lengra, yfir fjöllin til Alba. Norðan við hæðina sem Casa Nuova stendur í tekur við Monferrato, með bæjum eins og Canelli og Nizza Monferrato. Sá fyrri er heimabær Asti freiðivinsins og sá síðari er miðstöð Barbera vinsins.



Útsýnd frá Casa Nuova



Barolo

Langhe - Alba - La Morra - Barolo

Alba er höfuðstaður þessa svæðis þar sem hin frábæru nebbiolovín eru framleidd. Þar er iðandi mannlíf í göngugtunni allan ársins hring, fjöldi úti- og innikaffihúsa og verslana. LaMorra stendur hátt upp á hæð, en í hlíðum hennar og þar í kring er miðstöð Baroloframleiðslunnar, enda stendur bærinn Barolo rétt þar fyrir sunnan í fallegri kvos, umvafinn vínbrekkum.

Ítalska Ríverían

Frá Casa Nuova eru aðeins um 70 km akstur niður á ítölsku Ríveríuna. Þar austast er Cinque Terre, með bæjunum fimm sem er á heimsminjaskrá UNESCO og svo vinsælt er að ganga á milli. Fyrir vestan Genova og Savona eru fjöldi bæja við ströndina með frábærum baðströndum, veitingastöðum og kaffihúsum og mælum við séstaklega með Noli og Finale Ligure. Þaðan er síðan um eða innan við klst. akstur til Monte Carlo og Nice í Frakklandi.



Portofino



Isola Bella

Stresa - Lago Maggiore

Frá Casa Nuova er um tveggja klst. akstur norður að Maggiore vatni. Við vatnið stendur bærinn Stresa. Hér var það sem Hemingway dvaldi 1948 að lokinni herþjónustu á hinu stórglæsilega *Grand Hotel* og skrifaði bókina *Vopnin kvödd*. Rétt utan Stresa eru eyjar með þorpum, kastala og skrudgarði sem vert er að skoða. Gott að byrja á því að taka bát út í eyjarnar um eða fyrir hádegi, ganga um Stresa um eftirmiðdaginn og enda svo á einum af fjölmargra veitingastaða áður en haldið er heim.

Dvöl í Casa Nuova býður upp á fjölda möguleika

Tilhögun

Í boði er allt frá því leigja frá einu upp í 4 herbergi, í eina eða fleiri nætur (bead & breakfast), upp í það að leigja allt húsið (5 herbergi) í minnst eina viku í senn. Innifalin eru full afnot af allri aðstöðu: sundlaug (frá miðjum júní til miðs septembers), sólbaðsaðstöðu, tennisvelli og útiveru í garði.

Hægt er að láta sækja og fara með sig á flugvöll og í boði eru ferðir með leiðsögn, sbr. ýmsa möguleika hér að neðan. Leiðbeiningar og upplýsingar fyrir þá sem ferðast á eigin vegum standa að sjálfsögðu öllum til boða.

Ótalmarkt í boði

Að njóta

Umhverfið, sveitin og þorpin eru óviðjafnanlega falleg og hvergi er betra að vinda ofan af streitunni en meðal fólks sem hefur í gegnum aldirnar lært að njóta alls þess besta sem lífið gefur. Aldagamlar hefðir skila sér í mat, víni, umhverfi og viðmóti sem skapar upplifun sem seint gleymist og veldur því að þig langar að koma aftur og aftur.

Skoðunarferðir

Í nánasta umhverfi er margt að skoða auk þekktra ferðamannastaða sem eru innan 2 - 4 klst. aksturs, sbr. eftirfarandi upptalningu
Bubbio, Monastero Bormida, Acqui Terme, Canelli, Santo Stefano Belbi, Nizza Monferrato, Fontanille, Montegrosso, Agliano Terme, Costigliole d'Asti, Asti (37km), San Damiano d'Asti, Canali (10km), Alba (51km), La Morra, Barolo, Barbaresco, Savona (66 km), Genova, Santa Margherita Ligure, Portofino (124km; 2 klst), Camogli, Cinque Terra (189km; 2.5 klst), Noli (80 km; 1,5 klst), Finale Ligure, Monaco (196 km; 2,5 klst), Nice, Cannes (244 km; 3 klst), Torino (98 km; 1.5 klst), Milano (158km; 2 klst), Lago Maggiore (175 km; 2 klst), Lago d'Orta, Val Maira/Chiappera (164 km; 3 klst), Pisa (254 km; 3 klst), Florenz (319 km; 4 klst), Feneyjar (417 km; 4,5 klst).

Gönguferðir

Um bæi og þorp, um hóla, hæðir og vínekrur, um skóglendi, í Ölpunum, Cinque Terra og margar fleiri.

Hjólreiðar

Kapphjólreiðar eru afar vinsælar á Ítalí og í engu Evrópulandi stunda fleiri þessa íþrótt. Hjólreiðamönnum er því sýnd mikil tillitssemi í umferðinni. Í boði eru fjallahjólaferðir, rólegar sveitiferðir milli bæja, kaffihúsa og vínframleiðenda eða kapphjólreiðar um sveitavegi, með eða án leiðsögn. Hægt er að leigja hjól af ýmsum gerðum, þ.á.m. barnahjól og hjól með rafmagnsmotor til að hjálpa þér upp bröttustu brekkurnar. Þannig geta allir fundið hjól og ferðir við sitt hæfi og notið útivistar í fögru umhverfi á þann hátt sem hverjum og einum hentar.

Siglingar

Við getum haft milligöngu um að panta siglingu á Miðjarðarhafinu hvort sem er á skútu eða motorbátum.

Hestamennska

Nágranni okkar rekur hestaleigu og fer með þig í útreiðatúra um sveitina eða leyfir börnunum að fara á bak og teymir undir þeim í gerðinu.

Golf

Í Acqui Terme (20 min akstur) er 18 holu golfvöllur.

Heilsulindir (Spas)

Eru nokkrar bæði í Acqui Termini og Agliano Terme (innan við 30 min. akstur)

Fundaraðstaða

Hjá nágrannanum er aðstaða fyrir minni fundi (allt að 40 manns) og fyrir stærri hópa í kastalanum í Bubbio. Þarf að panta með fyrirvara.

Vinnuaðstaða

Í Casa Nuova eru nettengdar tölvur í öllum herbergjum auk þráðlauss nets í öllu húsinu og víðast hvar útivið. Þá er góð aðstaða fyrir þá sem vilja stunda myndlist eða annan handiðnað á lóðinni eða í bakhúsi.

Ýmsar upplýsingar

Hvað eru herbergin mörg?

Í húsinu eru 5 stór herbergi, fyrir 10 fullorðna. Auðvelt að koma þar til viðbótar fyrir beddum fyrir yngri kynslóðina. Eitt rimlabarnarúm, barnastóll og leikgrind til staðar.

Verslanir og markaðir

Í Bubbio (3 min. akstur) eru þrjár matvörverslanir, apótek, tvær blómaverslanir, fataverslun, fjögur kaffihús og tveir bankar (báðir með hraðbanka), kirkja, pósthús og bæjarskrifstofur, svo eitthvað sé nefnt. Matvörverslanirnar eru lokaðar í Bubbio á mánudögum en opnar aðra daga fyrir hádegi til kl. 12:30 og eftir hádegi frá 16:00 til 19:30. Þá eru stórmarkaðir í Acqui Terme (opinn alla daga til 20:30) og Canelli (30 min akstur), auk fjölda annarra verslana og þjónustuaðila. Á þriðjudagsmorgnum er stór útmarkaður í Acqui Terme, á föstudagsmorgnum í Nizza Monferrato og á laugardagsmorgnum í Asti. Þá má ekki gleyma "outlet" þorpinu í Serravalle Scrivia (90 km), sem við köllum gjarnan "Litlu Ameríku" (stærsta "outlet" í Evrópu m. 180 verslunum). Þar er að finna verslanir allra helstu ítölsku tískumerkjanna auk marga alþjóðlegra, auk sportvöruferslana, búsáhaldaverslana og ýmsar fleiri.

Hvert er best að fljúga?

Mest úrval fluga er til Milanó og því venjulegast ódýrast að fljúga þangað. Við Milanó eru þrír flugvellir: Malpensa, Linate og Bergamo. Frá lokum maí til loka ágúst fljúga Flugleiðir í

beinu flugi frá Keflavík (4klst), en annars er venjulega hagstæðast að fljúga í gegnum London (Gatvik, eða Luton) eða Kaupmannahöfn og áfram með EasyJet. Þá er einnig hægt að fljúga í gegnum Stokkhólm, Osló, Frankfurt, París, Amsterdam, Berlín, Barcelone, svo nokkrar borgir séu nefndar. Frá Malpensa eru 2 klst. akstur til Bubbio.

Hvernig komumst við til Bubbio?

Þetta er best að skoða á Google maps eða Google earth, en frá Malpensa er ekið niður á A4, þar farið í vestur í áttina að Torinu, en skipt yfir á A26 í suður í átt að Alexandriu, þar sem farið er út af hraðbrautinni á Alexandria Sud í áttina að Acqui Terme en síðan Savona, en í Bistagno er beygt til hægri yfir brautarteinana í áttina að Bubbio, og þá eru bara um 8 km eftir.

Hvað er í boði fyrir börnin?

Börnin kunna hvergi betur við sig en í sundlauginni. Ungir og gamlir hafa gaman af því að spila tennis. Þá er hægt að fá að fara á hestbak hjá nágrannanum og skoða dýrin hjá dóttur hans sem býr þar rétt fyrir neðan. Í Genova er mjög stórt sædýrasafn og þá er hægt að fara í fjölda skoðunarferða um gamla bæi og kastala.

Verð

Tveggjamannaherbergi: €60 nóttin frá miðjum júní til ágústloka (annars €50).

Morgunmat: €5 á mann.

Hjólaleiga: €10 á dag. (€20 fyrir rafmagnshjól)

Akstur til Milanó: €120 aðra leiðina (allt að 8 manns í bílnum).

Vikuleiga á öllu húsinu: €2600 miðjan júní til loka ágúst. € 2100 á öðrum tímum.

Verð annarrar þjónustu: sjá verðlista á herbergjum.

Veitingastaðir

Castello Di Bubbio, I Caffi Ristorante,
Giardinetto, Ristorante Luca, Madonna della
Nevi, Due Lanterne, Frankinos, Seniors in
Rosso, Agriturismo Ventichique, La Corte....

sem gleymast seint!



Maturinn

Alveg ný upplifun - þeir sem hafa heimsótt eiga erfitt með að skilja hvers vegna svo margir hágæða veitingastaðir séu í þessari sveit.



Vínin

Barbera Barolo Barbaresco
Nebbiolo, Gavi, Ruche, Arneis, Moscato,
Brachetto, Asti spumante, Passito...

